



30/03/2026

Matslisti - Fagbréf

Klipping myndefnis og hljóðs fyrir miðla

Tilgangur listans er að meta þekkingu og færni út frá viðmiðum í starfinu.

Listinn er sjálfsmatslisti og notaður til stuðnings í matssamtali.

Nafn	
Kennitala	
Starf	

Kjarni starfs

Tilgangur starfsins er að sjá um klippingar á efni, mynd og hljóð, fyrir miðla. Markmiðið er að velja, klippa og skapa myndskleið svo úr verði heildstæð frásögn, styttri eða lengri. Unnið er ýmist eftir handriti eða annarri forskrift.

Starfið krefst sjálfstæðra vinnubragða og þekkingar á mynd- og eftirvinnslu efnis. Starf við klippingu mynd- og hljóðefnis krefst þekkingar á tæknilegum úrlausnum ólíkra verkefna svo efni standist kröfur til birtingar eða til frekari eftirvinnslu. Starfið krefst getu til að halda yfirsýn, vinna vel og markvisst innan tímaramma, vandvirkni og skýrri hugsun undir álagi.

Mikilvægt er að fylgjast með faglegri þróun, vera lausnamiðaður og geta veitt skapandi ráðgjöf. Þekkja til helstu stiga framleiðslunnar, til að geta sótt og / eða miðlað upplýsingum verkefnis á réttan stað. Unnið er á tölvu, góður tæknibúnaður og gagnageymsla nauðsynleg og æskilegt er að hljóðvist, birtuskilyrði og næði séu sem best.

Starfið er unnið í samstarfi við stjórnendur framleiðslu. Í umfangsmeiri verkefnum vinna teymi gjarnan saman. Starfið felur almennt ekki í sér mannaforráð, en getur verið með aðstoðar manneskju.

Annað:

Þekkja til laga um persónuvernd nr. 90/2018, höfundarétt nr. 73/1972 og skylduskil til safna nr. 20/2002.

Viðfangsefni starfsins

Forvinnsla	Klippivinna	Skil efnis og frágangur
<ul style="list-style-type: none"> • Verkefnastaða dagsins • Tímarammi • Móttaka hráefnis (mynd og hljóð skrár) • Útbúa lágupplausna vinnuskrár úr hráefni (proxy) • Samstilling myndar og hljóðs • Halda utan um safnefni og annað aðkeypt efni • Flokkun og merking efnis • Kynna sér allt efnið í upphafi • Láta framleiðslu vita af vandkvæðum / mistökum á hráefni • Nota viðeigandi gagnageymslu 	<ul style="list-style-type: none"> • Samstarf við aðrar deildir • Samstarf við framleiðslu og/eða verkkaupa • Gera grófklipp eftir handriti / forskrift • Klipp sent til skoðunar • Uppfærð klipp eftir athugasemdum • Grafík / hljóð staðsett á myndefni • Læst klipp • Að efni standist kröfur um skil • Velja myndefni, raða saman í frásögn • Koma með tillögur að lausnum á frásögn • Gera öryggisafrit af vinnugögnum • Halda utan um fyrri útgáfur klipps 	<ul style="list-style-type: none"> • Skráning / skýrslugerð • Vista efni á réttu formi/sniði • Gera öryggisafrit af efni • Afurð / efni sent til eftirvinnslu • Afurð / efni sent til birtingar • Virða ólíka skilafrestir mismunandi hluta klipps

Starfið er á þrepi 3, samkvæmt hæfniramma um íslenska menntun, þó einstaka hæfnipættir séu á öðrum þrepum.

Leiðbeiningar fyrir þátttakanda:

Nú er komið að sjálfsmati út frá hæfnikröfum starfsins. Gott er að horfa til fyrri reynslu, færni úr námi, starfi og einkalífi.

Að loknu sjálfsmati fer matsaðili yfir sjálfsmatslistann og síðan fer fram samtali þar sem mat á færni á sér stað.

Niðurstöður samtalsins geta verið að:

1. Öllum hæfniviðmiðum starfsins er náð og færnin er staðfest með Fagbréfi atvinnulífsins.
2. Ekki öllum hæfniviðmiðum starfsins náð og fer þá fram starfsþjálfun til að uppfylla þau. Að því loknu er færnin staðfest með Fagbréfi atvinnulífsins.



Matsviðmið

Notaðu lýsingarnar hér að neðan til að meta þekkingu þína og færni í hverjum og einum hæfnipætti. Leitaðu til fagaðila ef eitthvað er óskýrt.

1 - Lítil þekking og færni og/eða getur útfært einfalda verkþætti.

2 - Nokkur þekking og færni og/eða getur starfað við fyrirfram gefin verkefni.

3 - Góð þekking og færni og/eða vinnur vel og sýnir sjálfstæð vinnubrögð.

4 - Mikil þekking og færni og/eða hefur mjög góða fagkunnáttu.

Matslisti – starf					Útfyllist af matsaðila	
Forvinnsla	Lítil 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Lokið	Þarfnast þjálfunar
Ég þekki og hef skilning á:						
– tæknilegum lausnum í mynd- og hljóðvinnslu						
– tæknibúnaði og vinnuaðstæðum						
– gagnageymslu og öryggisafritun						
– verklagi mynd- og eftirvinnslu						
Ég get:						
– notað viðeigandi gagnageymslu						
– metið stöðu dagsins og skipulagt vinnu						
– forgangsraðað verkefnum innan tímaramma						
– tekið á móti og yfirfarið hráefni, bæði mynd og hljóð						
– útbúið lágupplausna skrár (e. proxy)						
– samstillt mynd og hljóð						
– skipulagt safnefni og aðkeypt efni þannig að auðvelt sé að finna það aftur?						
– flokkað og merkt efni						
– tilkynnt framleiðslu um mistök eða vandkvæði á hráefni						

Matslisti – starf	Lítill 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Útfyllist af matsaðila	
					Lokið	Þarfnast þjálfunar
Klippivinna						
Ég þekki og hef skilning á:						
– framleiðsluferli efnis fyrir miðla						
– hlutverki starfsins í framleiðslu efnis fyrir miðla						
– lokatakmarki verkefnis						
– handritum og forskrift sem unnið er eftir						
– áhrifum ákvarðana í klippingu á heildarfrásögn og tímaáætlunum						
– að verkefni krefjast samvinnu						
– fjölbreyttum kröfum ólíkra viðskiptavina						
– kostnaði að baki framleiðslu efnis						
– nýjustu straumum og stefnum í faginu						
Ég get:						
– unnið sjálfstætt á öllum stigum klippisins						
– valið myndefni og raðað því saman á skiljanlegan hátt						
– sótt og miðlað upplýsingum verkefna til rétttra aðila						
– unnið með gögn á ýmsum formum						
– sent og móttakið ólíkar tegundir gagna						
– skilað frásögn á mismunandi hátt til ólíkra deilda						
– komið hugmyndum viðskiptavina og annarra á rétt form (mynd/hljóð)						
– sett mig inn í aðstæður og markmiðum tengdum verkefninu						
– átt í faglegum samskiptum um klippingu efnis						
– tekið ákvarðanir og fært rök fyrir þörf á breytingum sem skarast á við handrit/forskrift						
– gert einfalda kostnaðaráætlun fyrir klippingu						

Matslisti – starf					Útfyllist af matsaðila	
Vinna með skapandi lausnir	Lítill 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Lokið	Þarfnast þjálfunar
Ég þekki og hef skilning á:						
– að skapandi hugsun er forsenda þess að geta komið hugmynd til skila						
– ólíkum leiðum til að skapa frásögn						
– mismunandi leiðum að lokaútkomu						
– að sjálfstraust skiptir máli þegar velja á hvaða efni skal nota í klippi						
– frumkvæði í sköpun						
Ég get:						
– skapað lausnir sem þjóna tilgangi verkefnis						
– valið efni með lokaútkomu í huga						
– hugsað í lausnum til að fá það besta úr fyrirbyggjandi efni						
– brugðist á lausnarmiðaðan hátt við breytingum						
– komið með ólíkar tillögur að lausnum sem aðrir geta skoðað og valið úr						
– miðlað hugmyndum í myndmáli og í orðum						
– nýtt uppbyggilega gagnrýni til að bæta vinnuna						

Matslisti – starf					Útfyllist af matsaðila	
Gæði og skipulag	Lítill 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Lokið	Þarfnast þjálfunar
Ég þekki og hef skilning á:						
– hvað þarf til að myndefni teljist nothæft						
– nákvæmum vinnubrögðum						
– kröfum um trúnað						
– kröfum um meðferð viðkvæms efnis						
– viðmiðum og reglum um meðferð efnis sköpuðu af gervigreind						
– samfélagslegum fjölbreytileika						

Ég get:						
– farið eftir kröfum óháð verkefnum						
– metið hvort myndefni stenst kröfur og fært rök fyrir því mati						
– virt trúnað						
– starfað með ólíkum og oft á tíðum viðkvæmum hópum						
– fjallað um ólíka og oft á tíðum viðkvæma hópa						
– unnið eftir skipulagi og verkferlum						

Matslisti – starf	Lítill 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Útfyllist af matsaðila	
Notkun hug- og vélbúnaðar					Lokið	Þarfnast þjálfunar
Ég þekki og hef skilning á:						
– helstu tækjum, tólum, hugbúnaði og vélbúnaði sem notaður er við klippingu og framleiðslu myndefnis og hljóðs fyrir miðla						
– notkunarmöguleikum búnaðar						
Ég get:						
– beitt búnaði sem notaður er við klippingu myndefnis og hljóðs fyrir miðla						
– uppfært hug- og vélbúnað eftir þörfum						
– notað viðeigandi gagnageymslur						
– tekið öryggisafrit						

Matslisti – starf	Lítill 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Útfyllist af matsaðila	
Skil efnis og frágangur					Lokið	Þarfnast þjálfunar
Ég þekki og hef skilning á:						
– tímaramma verkefnis						

– mismunandi skoðunum í samstarfi við aðra						
– að láta þarf vita um ónothæft efni til að hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir						
– tilgangi öryggisafrita						
Ég get:						
– haldið yfirsýn, vandvirkni og skýrri hugsun þrátt fyrir álag						
– virt tímamörk						
– tekið tillit til ólíkra skoðana á klippingu myndefnis og hljóðs						
– passað að hugmyndir og upplýsingar falli inn í tímarammann og séu raunhæfar						
– endurmetið tímaramma klippsins eftir þörfum						
– staðist skilafresti á ýmsum stigum framleiðslunnar í samræmi við þarfir annarra deilda						
– tryggt að það séu til öryggisafrit						

Hér staðfestir þú með undirskrift þinni, að skráðar upplýsingar séu réttar. Ef til vill getur þú fengið einhvern sem þekkir störf þín til að lesa yfir matslistann og veita endurgjöf á mat þitt.

Staður:	Dagsetning:	Undirskrift þátttakanda:
---------	-------------	--------------------------